
Sjáandinn mikli Nostradamus, sem var uppi á 16. öld, orti þúsund spádómsvísur en aðeins 942 hafa varðveist. Hvað varð um þær 58 sem vantar? Hvaða leyndardóm geymdu þær?

Leitin að svörum við þessum spurningum er drifkrafturinn í lífi tveggja manna. Adam Sabir þarf nauðsynlega að bjarga rithöfundarferli sínum sem er alveg í skítnum. Anchor Bale er í leynifélaginu Corpus Maleficus sem sór fyrir löngu tryggð við andkristana þrjá sem Nostradamus sá fyrir, Napóleon, Adolf Hitler og „þann sem enn er ókominn“.

Eiríkur Örn Norðdahl þýddi.

Bókin hefur verið þýdd á 35 tungumál og selst í metupplögum um allan heim.

IÐUNN
www.forlagid.is



1

Quartier St. Denis, París
Á okkar dögum

Achor Bale naut þess ekki að drepa. Nautnin var horfin fyrir löngu. Hann fylgdist með sígaununum af eins konar ástúð, líkt og maður gæti fundið til við að fylgjast með kunningja stíga frá borði úr flugvél.

Maðurinn hafði auðvitað verið seinn. Ekki þurfti nema að líta á hann einu sinni til að sjá hvernig hégóminn lak af honum. Með yfirvaraskegg eins og Zorro. Í gljáandi leðurjakka sem hafði verið keyptur fyrir fimmtíu evrur á Clignancourt flóamarkaðnum. Gegnsæir rauðir sokkar. Gul skyrta með heiðurstákni prinsins af Wales og of stórum kraga. Fölsuð gullorða með mynd heilagrar Söru. Maðurinn var smekklaus flottræfill – og jafn auðþekkjanlegur í augum annars þeirrar tegundar og hundur í augum hunds.

„Ertu með handritið með þér?“

„Hvað heldurðu að ég sé, flón?“

Tæplega, hugsaði Bale. Flón eru sjaldan svo meðvituð um sjálf sig. Þessi maður bar mútuþægni sína eins og hún væri heiðursmerki. Bale tók eftir þöndum sjáöldrum hans. Svitagljáanum á myndarlegum, hnífskörpum andlitsdráttum hans. Hvernig hann trommaði með fingrunum á borðið. Sló takt með fótunum. Hann hlaut að vera fíkniefnaneytandi. Óvenjulegt fyrir sígauna.

Það hlaut að vera þess vegna sem hann var í svona mikilli fjárþörf. „Ertu Manouche eða Róma? Gitan, kannski?“

„Hvað ætli þér sé ekki sama?“

„Af yfirvaraskegginu að dæma myndi ég giska á að þú værri Manouche. Einn afkomenda Django Reinhardts, kannski?“

„Ég heiti Samana. Babel Samana.“

„Er það sígaunanafnið þitt?“

„Það er leyndarmál.“

„Ég heiti Bale. Það er ekkert leyndarmál.“

Sígauninn trommaði sífellt hraðar með fingrunum. Augun innbyrtu allt – hann lét augnaráðið flögra yfir hina gestina, skoðaði dyrnar, mældi út lengd og breidd loftsins.

„Hversu mikið viltu fá fyrir það?“ Hann sneri sér beint að efninu. Það gerðu menn af hans sauðahúsi. Bale fylgdist með tungu sígaunans skjótast út til að væta þurrar varirnar.

„Ég vil hálfa milljón evra.“

„Það var og.“ Bale fann djúpa ró koma yfir sig. Gott. Sígauninn hafði eitthvað sem var þess virði að selja. Þetta var ekkert kæruleysisdaður. „Við þyrftum að fá að skoða handritið áður en við reiðum fram slíka upphæð. Sannreyna að það sé ekta.“

„Og leggja það á minnið! Já. Ég hef heyrt um slíkt. Eitt veit ég fyrir víst. Þegar innihaldið er komið í ljós er það einskis virði. Verðmæti handritsins liggur í leynd þess.“

„Þú hefur svo sannarlega á réttu að standa. Það gleður mig að heyra þetta.“

„Þeir eru fleiri sem hafa áhuga. Ekki láta þig dreyma um að þú sért einn um þetta.“

Augu Bales lokuðust. Ah. Hann þyrfti þá að drepa sígaunann. Pynta og drepa. Hann vissi um viprurnar yfir hægra auganu á

sér og að þær segðu allt um hvað hann ætlaði sér. „Eigum við að fara núna og skoða handritið?“

„Ég ætla fyrst að hitta hinn manninn. Kannski getið þið keppt um hvor býður hærra verð.“

Bale yppti öxlum. „Hvar ætlarðu að hitta hann?“

„Það segi ég ekki.“

„Hvernig viltu þá gera þetta?“

„Þú bíður hér á meðan ég fer og tala við hinn manninn. Á meðan ég athuga hvort honum er alvara. Síðan kem ég aftur.“

„Og ef honum er ekki alvara? Lækkar þá verðið?“

„Að sjálfsögðu ekki. Hálf milljón.“

„Ég skal þá bíða.“

„Gerðu það.“

Sígauninn staulaðist á fætur. Andardráttur hans var þungur, skyrtan var svitablaut við hálsinn og bringuna. Þegar hann sneri sér við tók Bale eftir því að það var far eftir munstrið á stólnum í ódýrum leðurjakkanum.

„Ef þú eltir mig veit ég af því. Ekki láta þig dreyma um annað.“

Bale tók af sér sólgleraugun og lagði þau á borðið. Hann leit upp og brosti. Hann hafði fyrir löngu áttað sig á því hvaða áhrif afbrigðilega blóðhlaupin augu hans höfðu á þá sem viðkvæmir voru fyrir slíku. „Ég elti þig ekki.“

Sígauninn gapti af hryllingi. Hann starði skelfdur á Bale. Þessi maður var með *ia chalou* – hið illa auga. Móðir Babels hafði varað hann við slíku fólki. Þegar maður hafði séð slíkt fólk – þegar það hafði fest mann í skriðdýrslega töru sína – var maður dauðadæmdur. Einhvers staðar djúpt í eigin hugskoti viðurkenndi Babel Samana mistök sín – hann hafði hleypt röngum manni inn í líf sitt.

„Bíður þú hér?“
„Hafðu engar áhyggjur. Ég bíð eftir þér.“

———

Babel fór að hlaupa strax og hann kom út af kaffihúsinu. Hann myndi láta sig hverfa í mannfjöldann. Gleyma þessu öllu saman. Hvað hafði hann verið að hugsa? Hann var ekki einu sinni *með* handritið. Hafði bara óljósa hugmynd um hvar það væri að finna. Þegar andarnir þrír settust á koddann hans í bernsku og réðu örlögum hans, hvers vegna höfðu þeir þá ákveðið að hans helsti veikleiki yrðu fíkniefni? Hvers vegna ekki áfengi? Eða konur? Nú var púkinn O Beng hlaupinn í hann og hafði sent kokatrísu sem gæti blindað hann með augnaráði sínu honum til refsingar.

Babel hægði á sér. Hann sá þennan *gadje* hvergi. Hafði hann verið að ímynda sér þetta? Ímynda sér illvilja manns? Áhrif þessara hryllilegu augna? Kannski voru þetta bara ofsjónir. Það væri ekki í fyrsta skiptið sem hann færi á taugum vegna illa blandaðra fíkniefna.

Hann athugaði hvað hann ætti langt eftir á stöðumælinum. Allt í lagi. Seinni maðurinn biði hans kannski enn. Kannski myndi hann reynast velviljaðri.

Hinumegin við götuna voru tvær vændiskonur að rífast um sölutækni hvor annarrar. Það var laugardagssíðdegi. Dólgadagur í St. Denis. Babel kom auga á sjálfan sig í verslunarglugga. Hann brosti taugaveiklað að sjálfum sér. Ef hann næði að loka þessum samningi gæti hann kannski rekið nokkrar stúlkur sjálfur. Og fengið sér Benz. Hann myndi kaupa sér rjómagulan Benz með rauðum leðursætum, glasahólfum og sjálfvirkri loftkælingu. Og láta snyrta á sér neglurnar á einni af þessum búllum þar sem ljós-

hærðar *payo*-stelpur í hvítum, ermalausum sloppum störðu á mann löngunarfullum augum yfir borðið.

Chez Minette var í tveggja mínútna göngufæri. Hann gæti ekki látið vera að gægjast inn um dyrnar og berja hinn manninn augum. Ná af honum fyrstu afborgun – til sönnunar um að hann hefði áhuga.

Síðan myndi hann snúa aftur heim í búðirnar klyfjaður gjöfum og fé til að milda *hexið* hana systur sína.

2

Adam Sabir hafði fyrir löngu ákveðið að þetta væri til einskis. Samana var fimmtíu mínútum of seinn. Það eina sem hélt honum á staðnum var áhugi hans á subbulegu umhverfinu á þessum bar. Hann fylgdist með vertinum vinda niður hlerana fyrir útidyrnar og gluggana.

„Hvað er þetta? Ekki ertu að loka?“

„Loka? Nei. Ég er að loka alla inni. Það er laugardagur. Þá koma melludólgarnir allir í bæinn með lestinni. Og eru með læti úti á götu. Fyrir þremur vikum rústuðu þeir gluggann hjá mér. Ef þú vilt fara verðurðu að fara út um bakdyrnar.“

Sabir lyfti brúnum. Jæja. Þetta var að minnsta kosti frumleg leið til að halda í viðskiptavinina. Hann teygði sig eftir þriðja kaffibollanum sínum og drakk það sem eftir var í honum. Hann fann strax hvernig koffínið fór í púlsinn á honum. Tíu mínútur. Hann gæfi Samana tíu mínútur í viðbót. Síðan myndi hann fara í bíó, þótt hann væri reyndar tæknilega séð enn í fríi, og sjá *Night of the Iguana* í leikstjórn Johns Huston – eyða því sem eftir lifði síðdegis

með Övu Gardner og Deboruh Kerr. Bæta nýjum kafla við óseljanlega bók sína um hundrað bestu kvikmyndir allra tíma.

„*Une pression, s'il vous plaît. Rien ne presse.*"

Vertinn rétti upp hönd, eins og til að segja að pöntunin væri móttekin, og hélt áfram að vinda niður hlerana. Þegar þeir voru komnir langleiðina niður skaust lipur mannvera undir hlerann og rétti úr sér með því að styðja sig við eitt borðanna.

„*Ho! Tu veux quoi, toi?*"

Babel hunsaði vertinn og skimaði um salinn þveran og endilangan. Skyrtan hans var gegndrepa undir jakkanum og svitinn bogaði af beinaberri hökunni á honum. Hann beindi allri athygli sinni af miklum ákafa að einu borði í einu og pírði augun í mót birtunni frá ljósunum.

Sabir lyfti upp eintaki af bók sinni um Nostradamus, eins og þeir höfðu sammælst um að hann myndi gera, svo sjá mætti ljósmyndina af honum. Sígauninn var loksins kominn. Nú var komið að vonbrigðunum. „Ég er hérna, monsieur Samana. Komdu og sestu hjá mér."

Babel féll um einn stólanna í ákafa sínum við að komast til Sabirs. Hann náði jafnvægi og haltraði áfram. En hann var óruggur í bili. Hlerarnir voru komnir alveg niður. Það var búið að loka hann af frá *gadje*num með brjáluðu augun. *Gadje*num sem hafði lofað að hann myndi ekki elta hann. *Gadje*num sem hafði síðan elt hann alla leiðina á Chez Minette án þess að reyna einu sinni að leynast í mannfjöldanum. Babel átti enn möguleika.

Sabir stóð á fætur, spyrjandi á svip. „Hvað er að? Þú lítur út eins og þú hafir séð draug." Þegar hann var kominn svona nærri sá hann að villimennskan sem hann hafði tekið eftir í starandi augnaráði sígaunans var bara stjarfur skelfingarsvipur.

„Ert þú rithöfundurinn?“

„Já. Sérðu? Þetta er ég. Hérna innan á bókarkápunni.“

Babel teygði sig yfir á næsta borð og náði í tómt bjórglas. Hann mölvaði glasið á borðinu á milli þeirra og þrýsti lófanum ofan í glerbrotin. Síðan teygði hann sig yfir borðið og tók um hönd Sabirs með blóðugri loppunni. „Mér þykir þetta leitt.“ Áður en Sabir hafði ráðrúm til að bregðast við hafði sígauninn þvingað lófann á honum ofan í glerbrotin.

„Jesús Kristur! Fanturinn þinn …“ Sabir reyndi að draga höndina til sín.

Sígauninn greip fastar um hönd Sabirs og þrýsti henni að sinni eigin svo að hendurnar tvær sameinuðust í blóðdrullu. Síðan skellti hann blæðandi lófa Sabirs á enni sér svo að þar myndaðist blóðugt far. „Sko. Hlustaðu! Hlustaðu á mig.“

Sabir sleit hönd sína úr greip sígaunans. Vertinn steig fram fyrir barborðið með brotinn billjarðkjuða í hendinni.

„Tvö orð. Mundu þau. Samois. Chris.“ Babel færði sig frá vertinum sem nálgaðist, með blóðuga lófana á lofti eins og hann vildi blessa vertinn. „Samois. Chris. Geturðu munað það?“ Hann fleygði stól í vertinn og nýtti sér tímann sem hann fékk til að koma sér nær bakdyrunum. „Samois. Chris.“ Hann benti á Sabir, með augun full af tryllingslegum ótta. „Ekki gleyma því.“

3

Babel vissi að líf hans var að veði. Hann hafði aldrei verið jafn viss um nokkurn skapaðan hlut. Sársaukinn í hendinni var ofsafenginn og hann fann æðasláttinn. Hann sveið í lungun eins

og þau stæðu í björtu báli, hver andardráttur þaut í gegnum hann eins og hann væri fullur af nöglum.

Bale fylgdist með honum úr fimmtíu metra fjarlægð. Hann hafði nægan tíma. Sígauninn hafði ekki í neitt skjól að venda. Engan til að tala við. Þeir hjá *la sûreté* myndu líta einu sinni á hann og setja hann í spennitreyju – lögreglan var ekki vinsamleg sígaunum í París, sérstaklega ekki sígaunum sem voru útataðir í blóði. Hvað hafði gerst á barnum? Hvern hafði hann hitt? Jæja, hann yrði ekki lengi að komast að því.

Hann kom nærri því strax auga á hvíta Peugeot sendiferðabílinn. Bílstjórinn var að spyrja gluggaþvottamann til vegar. Gluggaþvottamaðurinn benti til baka á St. Denis og yppti öxlum af gallísku skilningsleysi.

Bale ýtti bílstjóranum frá og settist í bílstjórasætið. Bale setti sendiferðabílinn í gír og keyrði snögglega í burtu. Hann hafði ekki fyrir því að líta í baksýnisspegilinn.

———

Babel hafði misst sjónar á *gadje*num. Hann sneri sér við og leit aftur fyrir sig, skokkaði afturábak. Gangandi vegfarendur forðuðust hann, þá hryllti við blóðugum höndum hans og andliti. Babel staðnæmdist. Hann stóð úti á miðri gangstétt og dró andann eins og innikróaður hjörtur.

Hvíti sendiferðabíllinn keyrði upp á gangstéttarkantinn og klessti á hægra læri Babels svo að beinið mölvaðist. Babel skall af húddinu og féll þunglega til jarðar. Nærri því samstundis fann hann að honum var lyft upp – kraftmiklar hendur héldu í jakkann og buxnasetuna. Dyr opnuðust og honum var fleygt inn í sendi-

ferðabílinn. Hann heyrði hræðilegan, nístandi grát og áttaði sig um síðir á að það var hann sjálfur sem grét. Hann leit upp einmitt í þann mund sem *gadje*-inn tók undir hökuna á honum með lófanum.

4

Þegar Babel vaknaði verkjaði hann sáran í fótleggina og herðarnar. Hann lyfti höfðinu til að litast um en sá ekkert. Það var ekki fyrr en þá sem hann áttaði sig á því að hann var með bundið fyrir augun og slútti fram í ósjálfráðri sveigju, bundinn á höndum og fótum í uppréttri krossfestingarstellingu í einhvers konar málmramma. Sveigjan sem líkami hans myndaði lét mjaðmir hans þrýstast fram eins og í djörfum dansi. Hann var nakinn.

Bale togaði aftur í typpið á Babel. „Jæja. Fæ ég loks núna athygli þína? Gott. Hlustaðu nú á mig, Samana. Það er tvennt sem þú verður að vita. Númer eitt. Þú munt án nokkurs vafa láta lífið – það er engin leið að þú getir talað þig út úr þessu eða keypt þér líf með upplýsingum. Númer tvö. Það hvernig þú deyrð er algerlega undir þér sjálfum komið. Ef þú gerir mér til geðs, þá sker ég þig á háls. Þú munt ekki finna fyrir neinu. Ég sker þig svo að þér blæðir út á innan við mínútu. Ef þú skapraunar mér, þá meiði ég þig – mun meira en ég meiði þig nú þegar. Til að sanna fyrir þér að ég hef fullan hug á að drepa þig – að þú átt engrar undankomu auðið – mun ég nú skera af þér liminn. Síðan brenni ég fyrir sárið með glóandi skörungi svo þér blæði ekki út fyrir tímann."

„Ekki! Ekki gera það! Ég skal segja þér hvað sem þú vilt vita. Hvað sem er."

Bale lagði flata hlið hnífsblaðsins á typpið á Babel. „Hvað sem er? Liminn í skiptum fyrir það sem ég vil vita?“ Bale yppti öxlum. „Ég skil ekki. Þú veist að þú munt aldrei nota hann aftur. Ég taldi mig hafa útskýrt þetta fyrir þér. Hvers vegna ættirðu að vilja halda í liminn? Ekki segja mér að þú sért svo firrtur að þú teljir þig eiga einhverja von um undankomu?“

Slefan lak af vörum Babels. „Hvað viltu að ég segi þér?“

„Fyrst. Hvað heitir barinn?“

„Chez Minette.“

„Gott. Það er rétt. Ég sá þig sjálfur fara þangað inn. Hvern hittirðu þar?“

„Bandaríkjamann. Rithöfund. Adam Sabir.“

„Í hvaða tilgangi?“

„Til að selja honum handritið. Mig vantaði peninga.“

„Sýndirðu honum handritið?“

Babel hló slitrótt. „Ég er ekki einu sinni með það. Ég hef aldrei séð það. Ég veit ekki einu sinni hvort það er í raun og veru til.“

„Jeminn eini.“ Bale sleppti typpinu á Babel og fór að strjúka honum í framan. „Þú ert myndarlegur maður. Konur hljóta að laðast að þér. Mesti veikleiki manns er ævinlega hégóminn.“ Bale skar kross í hægri kinn Babels. „Ekki svo fagur núna. Öðrumegin ertu kannski ekki svo slæmur. En hinumegin ertu eins og sjálf ragnarök. Sjáðu. Ég get stungið fingrinum inn um gatið.“

Babel fór að öskra.

„Hættu. Eða ég sker þig líka hinumegin.“

Babel hætti að öskra. Loftið bærði rifna kinn hans.

„Þú auglýstir handritið. Tveir aðilar svöruðu. Ég er annar. Sabir er hinn. Hvað ætlaðir þú að selja okkur fyrir milljón evrur? Loft?“

„Ég var að ljúga. Ég veit hvar er hægt að finna það. Ég skal fara með þig þangað.“

„Og hvar er það?“

„Það er skrifað á blað.“

„Farðu með það fyrir mig.“

Babel hristi höfuðið. „Ég get það ekki.“

„Snúðu að mér hinum vanganum.“

„Nei! Nei! Ég get það ekki. Ég kann ekki að lesa …“

„Hvernig veistu þá að það er skrifað?“

„Vegna þess að mér var sagt það.“

„Hver er með þessi skrif? Hvar er hægt að finna þau?“ Bale hallaði undir flatt. „Er einhver í fjölskyldu þinni með þau? Eða einhver annar?“ Það var þögn. „Já. Ég hélt það. Ég sé það á þér. Það er einhver í fjölskyldunni, er það ekki? Ég vil vita hver. Og hvar.“ Bale greip aftur um typpið á Babel. „Segðu mér nafnið.“

Babel laut höfði. Blóðið og slefan láku út um gatið sem Bale hafði gert á kinnina á honum. Hvað hafði hann gert? Hvað hafði ótti hans og undrun komið upp um? Nú myndi *gadje*nn fara og finna Yolu. Pynta hana líka. Foreldrar hans sálugu myndu leggja bölvun á hann fyrir að gæta ekki systur sinnar. Nafn hans yrði óhreint – *mahrimé*. Hann yrði grafinn í ómerktri gröf. Og bara vegna þess að hégómi hans var yfirsterkari óttanum við að deyja.

Hafði Sabir skilið orðin tvö sem hann hafði sagt við hann á barnum? Var eðlisávísun hans rétt um manninn?

Babel vissi að hann var kominn að endalokunum. Hann hafði eytt lífinu í að reisa loftkastala og þekkti veikleika sína einum of vel. Eftir þrjátíu sekúndur myndi sál hans steypast niður í helvíti. Hann hafði bara eitt tækifæri til að gera það sem hann ætlaði sér. Bara eitt tækifæri.

Babel nýtti sér allan þann þunga sem hangandi höfuð hans bauð upp á, teygði fram hökuna til vinstri eins langt og hann gat og kippti henni svo strax niður og til hægri í kröftugan hálfhring.

Bale tók ósjálfrátt eitt skref aftur. Síðan teygði hann sig og greip í hárið á sígaunanum. Höfuðið lafði eins og það hefði losnað af hjörunum. „Nei!“ Bale sleppti takinu á höfðinu. „Þetta er ekki hægt.“

Bale gekk nokkur skref aftur, virti líkið fyrir sér í stutta stund og nálgaðist það síðan að nýju. Hann hallaði sér áfram og skar eyrað af sígaunanum. Síðan tók hann bindið frá augum hans og lyfti augnlokunum upp með þumlinum. Augun voru sljó – ekki vottur af lífi.

Bale strauk af hnífnum með bindinu, gekk í burtu og hristi höfuðið.

5

Joris Calque, foringi í Ríkislögreglunni, renndi ótendraðri sígarettunni undir nefið á sér og stakk henni síðan treglega aftur í málmslegið sígarettuveskið. Hann stakk veskinu í jakkavasann. „Líkið er að minnsta kosti ferskt og fínt. Ég er mest hissa á að það blæði ekki lengur úr eyranu á honum.“ Calque rak þumalinn í bringuna á Babel, dró hann aftur að sér, hallaði sér síðan áfram til að sjá hvort litarhaftið breyttist. „Varla nokkur fölvi. Þessi maður dó fyrir minna en klukkustund síðan. Hvernig fundum við hann svona fljótt, Macron?“

„Stolinn sendiferðabíll, foringi. Honum var lagt fyrir utan. Eigandinn hringdi og tilkynnti þjófnaðinn og *pandore* á eftirlitsferð

kom auga á hann fjörutíu mínútum síðar. Ég vildi óska þess að það væri jafn auðvelt að koma upp um alla götuglæpi.“

Calque tók af sér hlífðarhanskana. „Ég skil þetta ekki. Morðinginn rænir sígaunanum úti á miðri götu fyrir allra augum, og gerir það í stolnum sendiferðabíl. Síðan keyrir hann beint hingað, hengir sígaunann upp á rúmgrind sem hann hefur neglt upp áður en hann fór af stað, pyntar hann aðeins, hálsbrýtur hann, og síðan skilur hann sendiferðabílinn eftir fyrir utan eins og til að láta alla vita. Finnst þér þetta ganga upp?“

„Blóðið passar ekki heldur.“

„Hvað áttu við?“

„Hérna. Á hendi fórnarlambsins. Þessir skurðir eru eldri en hinir. Og það er blóð úr fleirum en sígaunanum á höndunum á honum. Það sést greinilega á ferðalitsjánni.“

„Jahá. Morðingjanum hefur víst ekki þótt nóg að skilja eftir sendiferðabílinn, nú sendir hann okkur enn frekari skilaboð með blóðslettum.“ Calque yppti öxlum. „Hann hlýtur annaðhvort að vera snillingur eða fáráður.

6

Apótekarinn var kona. Hún lauk við að binda um sárin á hendi Sabirs. „Þetta hlýtur að hafa verið ómerkilegt gler – þú ert heppinn að sleppa við alla sauma. Þú ert ekki pianisti, er það nokkuð?“

„Nei. Rithöfundur.“

„Ó. Þú þarft þá ekki að hafa neina hæfileika.“

Sabir fór að skellihlæja. „Það mætti segja það. Ég hef skrifað

eina bók um Nostradamus. Og nú skrifa ég kvikmyndarýni fyrir keðju af héraðsblöðum. En það er líka allt og sumt. Í þessa vitleysu hefur maður eytt lífinu."

Apótekarinn greip fyrir munninn á sér. „Afsakaðu. Ég meinti ekki það sem þú heldur að ég hafi meint. Auðvitað eru rithöfundar hæfileikaríkir. Ég átti við fingrafimi."

„Þetta er allt í lagi." Sabir stóð á fætur og fór hægt í jakkann. „Við fúskararnir erum vanir því að taka við móðgunum. Við erum bókstaflega neðstir í fæðukeðjunni. Nema við skrifum metsölubækur, auðvitað, eða okkur takist einhvern veginn að verða frægir. En ef okkur tekst ekki að halda því við þá sökkvum við aftur niður á botn. Göfug starfsgrein, finnst þér ekki?" Hann faldi biturðina á bak við breitt bros. „Hversu mikið skulda ég þér?"

„Fimmtíu evrur. Ef þú ert viss um að þú hafir efni á því."

„Ah, *touché!*" Sabir tók fram veskið og leitaði að seðlum. Í huganum var hann enn að velta því fyrir sér hvað sígauninn hefði ætlað sér. Hvers vegna myndi nokkur ráðast á algerlega ókunnugan mann? Þann sem maður hélt að ætlaði að kaupa af manni mikil verðmæti? Það var ekki nokkurt vit í þessu. Eitthvað hélt honum þó frá því að leita til lögreglunnar, þrátt fyrir hvatningu frá vertinum og kúnnunum sem höfðu orðið vitni að árásinni. Það var eitthvað meira en sýndist við þetta allt saman. Og hver eða hvað var Samois og Chris? Hann rétti apótekaranum peningana. „Hefur orðið Samois einhverja merkingu fyrir þér?"

„Samois?" Hún hristi höfuðið. „Fyrir utan þorpið, auðvitað?"

„Þorpið? Hvaða þorp?"

„Samois-sur-Seine. Það er um það bil sextíu kílómetrum suðaustan við París. Rétt hjá Fontainebleau. Djassgeggjararnir þekkja

það allir. Á hverju sumri halda sígaunarnir hátíð í þorpinu til heiðurs Django Reinhardt. Þú veist. Manouche-gítaristanum.“

„Manouche?“

„Það er ættbálkur sígauna. Tengist Sinti-ættbálknum. Þeir koma frá Þýskalandi og Norður-Frakklandi. Þetta vita nú allir.“

Sabir hneigði sig sposkur. „En þér gleymið, madame, að ég er ekki allir. Ég er bara rithöfundur.“

7

Bale kunni ekki vel við verta á börum. Þeir voru viðurstyggilegt fólk sem þreifst á veikleikum annarra. En samt. Hann var reiðubúinn að láta sig hafa ýmislegt til að ná í upplýsingar. Hann stakk stolnum skilríkjunum aftur í vasann. „Þannig að sígauninn réðst á hann með glas að vopni?“

„Já. Ég hef aldrei séð annað eins. Hann stormaði bara hingað inn, gegndrepa af svita, og stefndi beint á Bandaríkjamanninn. Mölvaði glas og þrýsti hendinni ofan í glerbrotin.“

„Hendi Bandaríkjamannsins?“

„Nei. Það var það furðulega. Sígauninn þrýsti hendinni á sjálfum sér í glerið. Það var ekki fyrr en eftir það sem hann réðst á Bandaríkjamanninn.“

„Með glasinu?“

„Nei. Nei. Hann þreif í hönd Bandaríkjamannsins og lék sama leik með hana og hann hafði leikið með sína eigin. Síðan þrýsti hann hendi Bandaríkjamannsins að enninu á sér. Það var blóð úti um allt.“

„Og var það allt og sumt?“

„Já.“

„Sagði hann ekki neitt?“

„Tja, hann öskraði stanslaust: „Mundu þessi orð. Mundu þau.““

„Hvaða orð?“

„Tja, nú, þar stend ég eiginlega á gati. Það hljómaði eins og Sam, *moi et* Chris. Kannski eru þeir bræður.“

Bale brosti glaðlega. Hann kinkaði kolli eins og vitringur. „Bræður. Já.“

Vissir þú að ...

- spámaðurinn Nostradamus var líka apótekari, læknir og mikilvirkur þýðandi?

- hljómsveitin Ný dönsk samdi meðal annars lag um spámanninn og þótti hann lítt merkilegri en aðrir?

- sumir halda því fram að Nostradamus hafi spáð fyrir um morðið á J.F. Kennedy, árásina á tvíbura-turnana 2001, Íraksstríðið og flóðbylgjur í Asíu?

- samkvæmt Nostradamusi er þriðja heimsstyrjöld sögunnar óumflýjanleg og að heimurinn mun líða undir lok árið 3797?

- spámaðurinn var ekki alltaf vinsæll og síst hjá kirkjunni og tignari stéttum? Á sínum efri árum naut hann hins vegar bæði virðingar og velsældar.

- ótal kvikmyndir hafa verið gerðar um Nostradamus og spádóma hans? Leikstjórinn Orson Wells gerði til dæmis þekkta heimildarmynd um líf hans.

ÓRAVÍÐDIR HIMINGEIMSINS

Ný bók í geysivinsælli ritröð



Alheimurinn birtir okkur geiminn í allri sinni litríku og ljómandi dýrð. Fróðleikur um stjörnufræði, sögu og eðlisfræði heimsins ásamt þúsundum mynda og stjörnukorta.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is